



Fundargerð

19. fundur Hreppsnefndar Ásahrepps haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi í Holtum., Miðvikudaginn 15. nóvember 2023, kl. 08:30.

Fundinn sátu:

Ísleifur Jónasson, Nanna Jónsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Kristín Ósk Ómarsdóttir, Þráinn Ingólfsson, Helga Björg Helgadóttir, Kristín Hreinsdóttir og Valtýr Valtýsson.

Fundargerð ritaði: Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri.

1. Fulltrúar Landsvirkjunar kynna hugmyndir um Búrfellslund - 2210013

Fulltrúar Landsvirkjunar mæta á fund hreppsnefndar Ásahrepps til að kynna fyrirhugað vindorkuver, Búrfellslund. Mættir eru Axel Valur Birgisson, Erlingur Geirsson og Guðmundur Finnbogason. Axel og Erlingur kynntu stöðu mála varðandi vindorkuver við Vaðöldu (Búrfellslund). Guðmundur kynni verkefni Landsvirkjunar sem kallast Orkuslóð.

Eftir kynningar fulltrúa Landsvirkjunar varð umræða um kynningarefnið. Hreppsnefnd Ásahrepps þakkar fulltrúum Landsvirkjunar fyrir góða kynningu á þessum tveimur verkefnum. Fulltrúar Landsvirkjuna viku af fundi í lok þessa dagskrárliðar.

2. Fundargerð 268. fundar skipulagsnefndar UTU - 2311021

Lögð fram fundargerð 268. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð 193. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa.

Mál nr. 1; Litlaland lóð L204654 og Litlaland L172908; Byggingarreitir og aðkoma; Deiliskipulag - 2310030.

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags fyrir Litlaland lóð L204654 og Litlaland L172908. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarheimilda fyrir íbúðarhús, hesthús, reiðhöll og gestahús. Tveir byggingarreitir eru skilgreindir og þar standa fyrir tvö hús. Skipulagssvæðið er um 2 ha að stærð og fyrirhugað að stækka lóð Litlalands lóð L204654 úr 7.688 fm í 10.000 fm. Heildarbyggingarmagn er skilgreint 1.500 fm fyrir Litlaland lóð og 550 fm fyrir Litlaland. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að deiliskipulagið verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Mælist hreppsnefndin til þess að málið verði sérstaklega kynnt landeiganda Berustaða 2 land 1 vegna hagsmuna er varða nýja veltengingu að frístundahúsi á aðliggjandi landi.

Mál nr. 19; Afgreiðslur Byggingarfulltrúa - 23-193 - 2310003F.

Lögð fram til kynningar fundargerð 193. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa.

3. Fundargerð 269. fundar skipulagsnefndar UTU - 2311024

Lögð fram fundargerð 269. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð 194. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa.

4. Fundargerð 17. fundar stjórnar Odda bs. - 2311008

Lögð fram fundargerð 17. fundar stjórnar Odda bs. ásamt fjárhagsáætlun og fylgiskjölum. Dagskrárliðir 2 og 3 þarfnast staðfestingar hreppsnefndar.

2. Gjaldskrá Odda bs. 2024.

Lögð fram og rædd tillaga að gjaldskrá fyrir Odda bs fyrir árið 2024. Gjaldskráin gerir ráð fyrir að fæðisgjöld hækki um 8% m.v. vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í nóvember (2022-2023), dagvistargjöld í leikskóla hækki um 10% m.v. blandaða vísitölu launa og neysluverðs og gjöld fyrir skóladaðheimili hækki um 9,8% m.v. blandaða vísitölu launa og neysluverðs. Lagt til að gjald fyrir hverjar 15 mín umfram 8 klst. vistun verði kr. 2000 á mánuði. Gjaldskráin tekur gildi 1. janúar 2024. Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir fyrir sitt leyti framlagða gjaldskrá fyrir árið 2024.

3. Fjárhagsáætlun Odda bs. 2024.

Lögð er fram og rædd tillaga að fjárhagsáætlun 2024 fyrir Odda bs. Stjórnin hefur átt vinnufund m.a. með öllum skólastjórum byggðasamlagsins og farið yfir þeirra áherslur. Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður sveitarfélaganna vegna Odda bs verði kr. 1.520.791.000 sem er 10,51% frá áætlun síðasta árs. Framlöggin skiptast þannig að hlutur Rangárþings ytra verður kr. 1.311.454.199 og hlutur Ásahrepps kr. 209.336.801. Áætlunin miðar við fjölda grunn- og leikskólabarna þann 1. október 2023 sem er 242 grunnskólabörn og leikskólabörn sem telja 141,3 barngildi. Tillaga er um að samþykka fjárhagsáætlun 2024 fyrir Odda bs. Samþykkt samhljóða.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti framlagða fjárhagsáætlun Odda bs. fyrir rekstrarárið 2024. Jafnframt fer hreppsnefnd Ásahrepps fram á að fjárfesting og greiðslur til eignasjóðs Rangárþings ytra vegna nýbbyggingar grunnskólans á Hellu verði tekin til skoðunar hjá samráðsnefnd sem skipuð var um rekstur Odda bs., sem samþykkt var á síðasta samráðsfundi sveitarfélaganna. Hreppsnefnd Ásahrepps bendir á að ekki getur það talist edlilegt að sveitarstjórn Rangárþings ytra geti tekið einhliða ákvörðun um aukin útgjöld fyrir samstarfssveitarfélag með aukinni fjárfestingu.

Að öðru leyti er fundargerðin til kynningar.

5. Fundargerð 6. fundar stjórnar Húsakynna bs. - 2311003

Lögð fram fundargerð 6. fundar stjórnar Húsakynna bs. ásamt fjárhagsáætlun 2024.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fram lagða fjárhagsáætlun 2024 fyrir sitt leyti. Að öðru leyti er fundargerð til kynningar.

6. Fundargerð 4. fundar Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps - 2311004

Lögð fram fundargerð 4. fundar stjórnar Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps. Dagskrárliðir nr. 2 og 3 þurfa staðfestingar hreppsnefndar.

2. Vatnsveita viðauki við fjárhagsáætlun ársins 2023.

Lagður fram viðauki við fjárhagsáætlun Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps árið 2023. Lagður fram viðauki 1 við fjárhagsáætlun 2023 samtals að upphæð 25 mkr til hækkunar á fjárfestingu og 7,8 mkr í aukinn rekstrarkostnað. Viðaukinn er vegna aukins kostnaðar við stofnlögn frá Suðurlandsvegi í Djúpós og lagnaframkvæmda á Hellu. Einnig vegna aukins vaxtakostnaðar. Lagt er til að viðaukanum verði mætt með 70 mkr lántöku. Einnig skal lánið greiða niður 40 mkr skuld Vatnsveitunnar við Rangárþing ytra. Samþykkt samhljóða. Framkvæmdastjóra falið vinna málið áfram varðandi lántöku.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fram lagðan Viðauka við fjárhagsáætlun 2023. Viðaukinn felur í sér látnöku til að greiða skuld við Rangárþing ytra og mæta aukinni fjárfestingu á árinu.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða hér með á hreppsnefndarfundum að veita einfalda ábyrgð og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar í samræmi við hlutfall eignarhalds, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar láns Vatnsveitu Rangárþing Ytra og Ásahrepps hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 70.000.000,- með lokagjalddaga þann 20. febrúar 2039, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem hreppsnefnd hefur kynnt sér. Nær samþykki hreppsnefndar jafnframt til undirritunar lánasamnings og að sveitarfélagið beri þær skyldur sem þar greinir.

Er lánið tekið til að fjármagna framkvæmdir vatnsveitu Rangárþings Ytra og Ásahrepps sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Valtý Valtýssyni, sveitarstjóra, kt. 221060-2379, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Ásahrepps að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

3. Fjárhagsáætlun Vatnsveitu 2024.

Fjárhags- og fjárfestingaáætlun 2024-2027 lögð fram til kynningar og umræðu.

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun ársins 2024. Tillagan gerir ráð fyrir að tekjur verði 128 mkr. og rekstrarniðustaða verði jákvæð um 3,4 mkr. Fjárfesting ársins verði 41 mkr. Gert er ráð fyrir 20 mkr lántöku á árinu. Samþykkt samhljóða.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps fyrir rekstrarárið 2024.

Að öðru leyti er fundargerð til kynningar.

7. Fundargerð 31. fundar stjórnar Tónlistarskóla Rangæinga bs. - 2311005

Lögð fram fundargerð 31. fundar stjórnar Tónlistarskóla Rangæinga bs. Dagskrárliður 2 þarnast staðfestingar hreppsnefndar.

2. Fjárhagsáætlun Tónlistarskóla Rangæinga bs. 2024.

Lögð fram rekstraráætlun ársins 2023 Gert er ráð fyrir: Rekstrartekjum að upphæð 154.930.000.- Rekstrargjöld að upphæð 154.763.000.- án fjármagnsliða. Rekstrarframlög sveitarfélaganna verði 138.322.000.- Stjórn samþykkir fjárhagsáætlun og vísar til staðfestingar aðildarsveitarfélaga.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárið 2024.

Að öðru leyti er fundargerð til kynningar.

8. Fundargerð 78. fundar stórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs. - 2311007

Lögð fram fundargerð 78. fundar stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs.

1. Brunavarnir Rang; Fjárhagsáætlun 2024

Lögð fram fjárhagsáætlun Brunavarna Rangárvallasýslu bs. fyrir árið 2024.

Gert er ráð fyrir rekstrartekjum að upphæð 98.850.000 kr. Gert er ráð fyrir rekstrargjöldum án afskrifta að upphæð 98.599.000 kr. Gert er ráð fyrir fjárfestingu að upphæð 8.000.000 kr. Áætluð skipting framlaga aðildarsveitarfélaga er eftirfarandi Rangárþing eystra = 39.590.000 kr. Rangárþing ytra = 44.955.000 kr. Ásahreppur = 7.955.000 kr. Stjórn samþykkir samhljóða

fjárhagsáætlun og vísar henni til staðfestingar aðildarsveitarfélaga.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti fjárhagsáætlun Brunavarna Rangárvallasýslu bs. fyrir rekstrarárið 2024.

9. Fundargerð 232. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. - 2311009

Lögð fram fundargerð 232. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. ásamt fjárhagsáætlun 2024 og fylgiskjölum.

Dagskrárlíðir 2, 4 og 5 þarnast staðfestingu hreppsnefndar.

2. Rekstraráætlun 2023 - viðauki.

Lagður fram viðauki við rekstraráætlun 2023.

Lagður fram viðauki við fjárhagsáætlun 2023. Gert er ráð fyrir hækkun tekna að upphæð 36 m.kr. og aukinni fjárfestingu að upphæð 12,9 m.kr. Tilfærsla er milli aðkeyptrar þjónustu og launa að upphæð 4,9 m.kr. Stjórn samþykkir viðaukann og vísar honum til staðfestingar aðildarsveitarfélaga.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti framlagðan viðauka 2023, en hann leiðir ekki til neinna útgjalda hjá sveitarsjóði Ásahrepps.

4. Gjaldskrá 2024.

Lögð fram tillaga að gjaldskrá 2024.

Lögð fram tillaga að gjaldskrá 2024. Lagt er til að sorphirðu- og sorpeyðingargjöld verði óbreytt árið 2024. Blandaður úrgangur hækkar lítillega milli ára, plast lækkar og gjald fyrir heimsendan gám hækkar um 3.000 kr. Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi gjaldskrá og vísar henni til afgreiðslu aðildarsveitarfélaga.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi gjaldskrá 2024 fyrir sitt leyti.

5. Rekstraráætlun 2024.

Rekstraráætlun 2024 lögð fram til samþykktar.

Rekstraráætlun 2024 lögð fram. Gert er ráð fyrir að tekjurnar verði 229 m.kr. og gjöld fyrir utan fjármagnsliði 221 m.kr. Gert er ráð fyrir að handbært fé frá rekstri verði 35,9 m.kr. og að fjárfestingar verði 35 m.kr. Stjórn leggur til að fjárfestingar hækki um 3,0 m.kr. vegna starfsmannaaðstöðu. Rekstraráætlun er samþykkt með þeim breytingum sem lagt var til og vísað til staðfestingar aðildarsveitarfélaga.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun 2024 fyrir sitt leyti.

Að öðru leyti er fundargerð til kynningar.

10. Fundargerð stjórnar Skógasafns, dags. 31. október 2023 - 2311023

Lögð fram fundargerð stjórnar Skógasafns, dags. 31. október 2023.

Einnig lögð fram fjárhagsáætlun Skógasafns fyrir rekstrarárið 2024.

2. dagskrárlíður þarfnast staðfestingar hreppsnefnda aðildarsveitarfélaga.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir fram lagða fjárhagsáætlun Skógasafns fyrir rekstrarárið 2024 fyrir sitt leyti.

Að öðru leyti er fundargerð til kynningar.

11. Fundargerð 77. fundar stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs. - 2311006

Lögð fram fundargerð 77. fundar stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs.

Til kynningar.

12. Fundargerð 12. fundar seyrustjórnar - 2311011

Lögð fram fundargerð 12. fundar seyrustjórnar.

Til kynningar.

13. Fundargerð 321. fundar stjórnar Sorpsöðvar Suðurlands bs. - 2311015

Lögð fram fundargerð 321. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands bs.

Til kynningar.

14. Fundargerð 26. fundar svæðisskipulagsnefndar Suðrhálendis - 2311012

Lögð fram fundargerð 26. fundar svæðisskipulagsnefndar Suðrhálendis.

Til kynningar.

15. Fundargerð 601. fundar stjórnar SASS - 2311013

Lögð fram fundargerð 601. fundar stjórnar SASS.

Til kynningar.

16. Fundargerð 602. fundar stjórnar SASS - 2311014

Lögð fram fundargerð 602. fundar stjórnar SASS.

Til kynningar.

17. Fundargerð 935. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2311016

Lögð fram fundargerð 935. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Lögð fram fundargerð 935. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

18. Fundargerð 936. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2311017

Lögð fram fundargerð 936. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

19. Viðauki 3 við fjárhagsáætlun Ásahrepps 2023 - 2311028

Lögð fram tillaga að Viðauka 3 við fjárhagsáætlun Ásahrepps 2023. Um er að ræða viðauka sem grundvallast á innsetningu byggðasamlaga sveitarfélaga á Suðurlandi í samræmi við lög og reglur um fjármál sveitarfélaga.

Viðaukinn felur í sér auknar tekjur A-hluta byggðasamlaga að upphæð kr. 650 þús. og aukinn rekstrarkostnaður B-hluta byggðasamlaga kr. 1.142 þús. Viðauki 3 gerir því ráð fyrir auknum rekstrarkostnaði að upphæð kr. 492 þús. sem mætt verður með lækkun handbærs fjár sem því nemur.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða framlagðan Viðauka 3 við fjárhagsáætlun Ásahrepps fyrir rekstrarárið 2023.

20. Viðauki 4 við fjárhagsáætlun Ásahrepps 2023 - 2311029

Fyrir liggur að kostnaður við að setja bundið slitlag á heimreiðar í Ásahreppi verður hærri en

áætlað var, en forsenda þess er tilboð verktaka í verkið. Gert var ráð fyrir fjárfestingu að upphæð kr. 15 mkr á árinu. Raunin verður að kostnaður mun verða 21 mkr eða 6 mkr hærri en áætlað var. Jafnframt voru tekjur aðalsjóðs vanáætlaðar um 15 mkr sem skýrist af að fjölgun íbúa í sveitarfélaginu er mun meiri en gert var ráð fyrir, ásamt almennum hækkunum launa á árinu skv. samþykktum kjarasamningum.

*Sveitarstjóra er falið að útfæra og senda inn Viðauka 4, í samráði við KPMG þar sem gert er ráð fyrir tilflutningi á fjárfestingu, þ.e. framkvæmdir við gatnagerð hækki um 6 mkr en að framkvæmdir við Ásgarð lækki samsvarandi um 6 mkr. Ljóst er að ekki verður unnt að fara í þær framkvæmdir við Ásgarð eins og áætlanagerð gerðu ráð fyrir. Jafnframt eru útsvarstekjur hækkaðar um 15 mkr, þ.e. fari úr 150 mkr í 165 mkr.
Samþykkt samhljóða.*

21. Galdskrá Ásaljóss fyrir árið 2024 - 2311019

Lögð fram tillaga að uppfærðri gjaldskrá fyrir Ásaljós vegna rekstrarársins 2024, með tilvísun til 4. greinar gildandi gjaldskrár. Hækkanir frá gildandi gjaldskrá taka mið af verðlagsþróun í landinu síðustu 12 mánuði og hækkar gjaldskrá um 8%.

Umræða varð um málið og samþykkti hreppsnefnd Ásahrepps samhljóða framlagða tillögu að gjaldskrá fyrir árið 2024.

22. Gjaldskrá vegna hreinsunar rotþróa í Ásahreppi 2024 - 2311030

Lögð fram tillaga að gjaldskrá vegna hreinsunar rotþróa í Ásahreppi fyrir árið 2024. Hreppsnefnd Ásahrepps hefur ákveðið að hefja gjaldtöku vegna þessarar þjónustu sbr. heimild í samþykkt um fráveitur í Ásahreppi. Skv. tillögu um gjaldskrá verður rotþróargjald, þar sem rotþró er hreinsuð á þriggja ára fresti kr. 12.500 fyrir næsta ár. Með innheimtu þessa gjalds árlega er áætlaður kostnaður við hreinsun hveirrar rotþróar á þriggja ára fresti innheimtur hjá viðkomandi aðila á þremur árum.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá og felur sveitarstjóra að láta birta hana í B-deild Stjórnartíðinda.

23. Styrkbeiðni vegna Kálfholtskirkjugarðs; upphleðsla veggs - 2311025

Lagt fram bréf formanns sóknarnefndar Kálfholtskirkju, dags. 10. nóvember 2023, þar sem óskað er eftir fjárframlagi frá Ásahreppi vegna upphleðslu á vegg til aðskilnaðar kirkjugarðs og bílaplans. Þetta er síðasti verkþáttur í þeim framkvæmdum sem staðið hafa yfir hjá garðinum. Áætlaður kostnaður við framkvæmdina er kr. 2.354.000 og hefur Kirkjugarðasjóður gefið vilyrði fyrir styrk að upphæð kr. 1.000.000. Óskað er eftir framlagi frá sveitarsjóði Ásahrepps að upphæð kr. 1.000.000.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita styrk að upphæð kr. 1.000.000 sem sett verður á fjárhagsáætlun Ásahrepps fyrir rekstrarárið 2024.

24. Umsögn vegna umsóknare um rekstrarleyfi til sölu gistingar í flokki II að Áskoti - 2311001

Lagt fram bréf Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 11. október 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Ásahrepps vegna umsóknar um rekstrarleyfi til rekssturs gististaðar í flokki II, frístundahús. Staðsetning er Áskot og fnr. 219-7787, þrjú hús með rýmismúmer 08-0101, 09-0101 og 10-0101, heiti staðar er Áskot Cottages og umsækjandi Kalsi ehf, kt. 650607-0310. Hámarksfjöldi gesta er 12 gestir, þ.e. 4 í hverju húsi.

Fyrir liggur að byggingarfulltrúi UTU gerir engar athugasemdir við að umrætt leyfi verði veitt.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir engar athugasemdir við að umrætt leyfi verði veitt.

25. Húsnæðisáætlun Ásahrepps 2024 - 2311002

Lögð fram drög að húsnæðisáætlun Ásahrepps 2024, sem sveitarstjóri hefur unnið með HMS. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi húsnæðisáætlun fyrir árið 2024, og felur sveitarstjóra að tilkynna afgreiðslu hreppsnefndar Ásahrepps til HMS.

26. Beiðni um fjárstirk til Sigurhæða árið 2024 - 2311010

Lagt fram bréf Sigurhæða, dags. 27. október 2023, þar sem óskað er eftir fjárstyrk vegna rekstrarársins 2024. Ekki liggur fyrir hvort verkefnið fær styrk frá Sóknaráætlun Suðurlands fyrir næsta ár, en niðurstaða mun liggja fyrir í desember.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita Sigurhæðum styrk að upphæð kr. 127.462 fyrir rekstrarárið 2024.

27. Ósk um staðfestingu á nýjum samþykktum Sorpstöðvar Suðurlands - 2311018

Á nýafstöðnum aðalfundi Sorpstöðvar Suðurlands 2023 var samþykkt tillaga um nýjar samþykktir fyrir Sorpstöð Suðurlands bs. Aðalfundur óskar eftir staðfestingu aðildarsveitarfélaganna og þarf tvær umræður í sveitarstjórnnum.

Lögð fram tillaga að nýjum samþykktum ásamt yfirliti yfir breytingar sem gerðar eru tillögur um. Einnig lagðar fram gildandi samþykktir.

Umræða varð um nýjar samþykktir fyrir Sorpstöð Suðurlands bs.

Hreppsnefnd Ásahrepps vísar málinu til annarrar umræðu í hreppsnefnd á næsta reglubundna fundi hreppsnefndar, en þá er gert ráð fyrir loka afgreiðslu málsins.

28. Beiðni um tilnefningu í svæðisráð Vatnajökulspjóðgarðs - 2311020

Lagt fram bréf Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis, dags. 8. nóvember 2023, þar sem óskað er eftir tilnefningu fulltrúa Ásahrepps í svæðisráði vestursvæðis í Vatnajökulspjóðgarði.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að tilnefna Þráinn Ingólfsson sem aðalmann og Ísleif Jónasson sem varamann.

29. Endurnýjun á samstarfssamningi við Markaðsstofu Suðurlands - 2311022

Lagt fram bréf Markaðsstofu Suðurlands, dags. 7. nóvember 2023, þar sem óskað er eftir að samstarfssamningur Ásahrepps og Markaðsstofu Suðurlands verði framlengdur. Jafnframt er lagður fram ársreikningur Markaðsstofu Suðurlands fyrir árið 2022 og starfsáætlun vegna ársins 2023.

Gildandi samstarfssamningur gildir til næstu áramóta. Óskað er eftir framlengingu á samstarfssamningi til þriggja ára og framlag Ásahrepps yrði óbreytt kr. 430 á hvern íbúa árlega.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að framlengja samstarfssamning við Markaðsstofu Suðurlands til þriggja ára með óbreyttu framlagi frá fyrri samningi.

30. Ákvörðun um álagningu gjalda og gjaldskrár 2024 - 2311026

Lögð fram tillaga um álagningu gjalda og gjaldskrár fyrir árið 2024.

1. Álagningarprósenta útsvars 2024

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að álagningarprósenta útsvars skuli vera 14,52%.

2. Álagningarhlutfall fasteignaskatts 2024

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að álagningarprósenta fasteignaskatts verði: A 0,15% af fasteignamati á íbúðarhúsnæði, bílageymslur, geymsluhúsnæði, lönd og útihús í

landbúnaði og sumarhús, allt með tilheyrandi lóðum.

B 1,32% af fasteignamati sjúkrastofnana skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, skóla, heimavista, leikskóla, íþróttahúsa og bókasafna, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum.

C 1,65% af fasteignamati allra annarra fasteigna með tilheyrandi lóðum, þó að undanskildum fasteignum í 0 flokki.

Afsláttur af fasteignaskatti til fasteignaeigenda sem eru 67 ára og eldri, eða 75% öryrkjar eða meira, og eiga lögheimili í viðkomandi fasteign fer eftir samþykkt um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti sem samþykkt var af hreppsnefnd Ásahrepps 13. desember 2017.

Gjalddagar verða sex (6) talsins árið 2021, fyrsta hvers mánaðar frá 1. febrúar til 1. júlí. Þar sem heildarupphæð er undir kr. 20.000 er einn gjalddagi, 1. apríl. eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Ekki verða sendir út greiðsluseðlar né álagningarseðlar í bréfpósti. Álagningarseðlar eru aðgengilegir á heimsíðunni www.island.is. Stofnuð verður krafa í heimabanka með sama hætti og áður sem hægt er að greiða rafrænt. Þeir sem óska þess að fá áfram send skjöl með bréfpósti gefst kostur á því og er bent á að hafa samband við skrifstofu hreppsins.

3. Gjaldskrá kaldvatnsveitu 2024.

Gjaldskrá Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs. er í endurskoðun hjá stjórn veitunnar. Afgreiðslu þessa liðar frestað til næsta fundar hreppsnefndar Ásahrepps, en þá ætti endurskoðuð gjaldskrá að liggja fyrir.

4. Gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs 2024.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að gjald fyrir meðhöndlun úrgangs verði samkvæmt gjaldskrá Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs fyrir sorphirðu og sorpeyðingu.

5. Gjaldskrá íþróttamiðstöðvarinnar á Hellu, Laugalandi og Þykkvabæ 2024.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að gjaldtaka vegna almennrar notkunar íþróttamiðstöðvanna fari eftir sameiginlegri gjaldskrá Rangárþing ytra og Ásahrepps.

6. Gjaldskrá fyrir hreinsun rotþróa 2024.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að innheimta sérstakt gjald fyrir hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu, í samræmi við áður samþykktar gjaldskrár fyrir þessa þjónustu sveitarfélagsins. Kostnaður af reglubundinni tæmingu rotþróa og rekstrarkostnaður við seyrumeðhöndlun er gruvöllur að gjaldtöku fyrir þessa þjónustu sveitarfélagsins.

7. Heimgreiðslur 2024.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að reglur um heimgreiðslur, frá nóvember 2019, verði óbreyttar og hámarksupphæð verði kr. 80.000.

8. Íþrótt- og tómstundastyrkur 2024.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að reglur um íþrótt- og tómstundastyrki, frá nóvember 2019, verði óbreyttar og styrkur geti numið allt að kr. 75.000.

9. Hvatastyrkur til íbúa eldri en 60 ára til íþrótt- og heilsustyrkingar 2024.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita íbúum Ásahrepps hvatastyrk til heilsuefningar og félagslegrar virkni að upphæð allt að kr. 75.000 á hvern íbúa eldri en 60 ára, gegn framvísun greiðslukvittunar fyrir kostnaði er lýtur að heilsurækt og félagslegri virkni viðkomandi á árinu 2024. Sveitarstjóra falið að vinna reglur fyrir þennan styrk sem lagðar verði fyrir hreppsnefnd á næsta fundi hreppsnefndar, en þar verði lagður grundvöllur að framkvæmd og útfærslu á þessum styrkgreiðslum.

10. Leikskólagjald.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að leikskólagjöld verið skv. útgefni gjaldskrá Odda bs. fyrir árið 2024.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrri ákvörðun hreppsnefndar frá desember

2017 að veittur verði 50% afsláttur af gjaldskrá Odda bs. árið 2024 fyrir börn í leikskóla.

11. Mötuneytiskostnaður leik- og grunnskólabarna.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrri ákvörðun hreppsnefndar frá desember 2017 að greitt verði áfram 100% mötuneytisgjald fyrir öll leik- og grunnskólabörn á árinu 2024. Niðurgreiðslurnar gilda fyrir börn með lögheimili og aðsetur í Ásahreppi.

31. Reglur um veitingu styrkja vegna tengingu veitna, lagningu slitlags á heimreiðar og uppsetningu ljósastaura - 2303002

Hreppsnefnd Ásahrepps hefur tekið ákvörðun um að endurskoða styrkveitingar vegna nýrra fráveituframkvæmda og nýrra hitaveituframkvæmda.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða, á grundvelli þess að hafa lækkað álagningu fasteignaskatts á A-hluta um 32%, að hætta að greiða styrki vegna nýrra fráveituframkvæmda og fjárframlög til nýrra hitaveituframkvæmda. Felldir verða niður kaflar I og II í reglum um veitingu styrkja vegna tenginga veitna, lagningu slitlags á heimreiðar og uppsetningu ljósastaura, sem samþykkt var á fundi hreppsnefndar Ásahrepps 15. mars 2023. Í gildi verða styrkir skv. III.- VI. kafla þeirrar reglna. Sveitarstjóra falið að fella kafla I og II út úr þessum reglum, endurraða köflum, lagfæra heiti þeirra og birta á heimasíðu sveitarfélagsins.

32. Fjárhagsáætlun Ásahrepps 2024-2027 - 2310017

Lögð fram vinnulíkan vegna fjárhagsáætlunar ársins 2024, svo og drög að fjárhagsáætlun Ásahrepps fyrir árin 2024-2027 sem byggjast á rekstraryfirliti fyrir árin 2024-2027 ásamt málaflökkayfirlitum.

Umræða varð um forsendur og útfærslu áætlunarinnar.

Fjárhagsáætlun Ásahrepps 2024 - 2027 vísað til annarrar umræðu þar sem stefnt verður að því að samþykkja og afgreiða fjárhagsáætlun Ásahrepps 2024-2027.

33. Íbúafundur - 2311027

Umræða varð um tímasetningu íbúafundar hjá Ásahreppi.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að stefna að íbúafundi að Laugalandi fimmtudaginn 30. nóvember 2023 klukkan 18:00. Oddvita og sveitarstjóra falið að stilla upp dagskrá og hún verður send út til hreppsnefndar til skoðunar.

34. Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps - 2101011

Lagt fram rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps fyrir tímabilið 1. janúar - 31. október 2023.

Til kynningar.

35. Næsti fundur hreppsnefndar Ásahrepps - 2101018

Næsti reglubundni fundur hreppsnefndar Ásahrepps verður haldinn 20. desember 2023.

Fundurinn fer fram á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi og hefst klukkan 8:30.

Aukafundur verður haldinn í hreppsnefnd Ásahrepps í byrjun desember þar sem fjárhagsáætlun Ásahrepps 2024-2027 verður afgreidd.

Til kynningar.

Fundi slitið kl. 11:30.

Ísleifur Jónasson

Kristín Ósk Ómarsdóttir

Þráinn Ingólfsson

Helga Björg Helgadóttir

Kristín Hreinsdóttir

Valtýr Valtýsson